

**Nd.** **224. Frumvarp til laga** [119. mál]  
um Hjúkrunarskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

**I. KAFLI**

**Markmið og stjórn skólans.**

**1. gr.**

Ríkið rekur heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita nemendum hjúkrunarfræðslu. Kennslan skal veitt ókeypis.

**2. gr.**

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

**3. gr.**

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landsspítalans og þrír aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

**II. KAFLI**

**Um kennara skólans.**

**4. gr.**

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru starfsmenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Til þess að geta orðið settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við skólann þarf sérmenntun hjúkrunarkennara samkvæmt nánari

ákvæðum í reglugerð. Ráðherra setur og skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Eigi skal skipa kennara fyrr en eftir 2—3 ára reynslutíma. Um starfstíma fastra kennara og starfstílhögun skulu sett ákvæði í reglugerð. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf að fengnum tillögum skólanefndar.

6. gr.

Um orlof kennara frá störfum eftir 10 ára kennslu skulu gilda sömu reglur og í öðrum skólum, sem þeirra réttinda njóta.

### III. KAFLI

#### Inntökuskilyrði.

7. gr.

Þessi eru aðalinntökuskilyrði í skólann:

1. Að umsækjandi sé fullra 18 ára og eigi eldri en 30 ára. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.
2. Að umsækjandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hættu af eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
3. Að umsækjandi hafi góða framkomu og óspillt siðferði.
4. Að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.
5. Skólanum skal heimilt að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

### IV. KAFLI

#### Um námstíma og námsefni.

8. gr.

Námstími skólans skal vera 3 ár, og hefst hann með námskeiði, sem má taka allt að 16 vikna tíma. Að því loknu skal ákveða, hvort nemandi telst hæfur til að hefja verklegt hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 4 mánaða reynslutíma í verklegu hjúkrunarnámi í sjúkrahúsi skal fundur fastra kennara skólans, að fengnu álitni viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkvenna, skera úr því, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram.

9. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í námskeiðum, en hið verklega í Landsspítalanum, svo og í öðrum stofnunum samkvæmt ákvörðun skólanefndar.

10. gr.

Í skólanum skal kenna þessar aðalnámsgreinar: Hjúkrunarfræði og ágríp almennrar heilsufræði og heilsuverndar, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdóma- og sýklafræði, lyfjafraði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði, sálarfræði og geðfræði. Í reglugerð skal ákveða undirgreinar og aukagreinar, enn fremur kennslustundafjölda í hverri námsgrein og tilhögun kennslu að öðru leyti.

## V. KAFLI

### Próf og einkunnir.

#### 11. gr.

Próf skulu haldin í lok hvers námstímabils eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Kennarar skólans prófa, en landlæknir skipar prófdómara. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og tíundu hlutum frá 0 upp í 10.

## VI. KAFLI

### Framhaldsnám og námskeið.

#### 12. gr.

Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsnám í hjúkrunarfræðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig má ákveða í reglugerð, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, t. d. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær færari um að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, ásamt ljósmóðurstörfum.

## VII. KAFLI

### Um fjármál og fleira.

#### 13. gr.

Um fjárreiður skólans skal fara eftir ákvæðum í reglugerð.

#### 14. gr.

Samningsaðilar um laun og hlunnindi hjúkrunarnemenda skulu vera: Skólanefnd H. S. Í. annars vegar og hins vegar fulltrúar stjórnarnefndar ríkisspítalanna og stjórnar bæjarsjúkrahússins í Reykjavík.

#### 15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands nr. 76 frá 20. desember 1944.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af skólanefnd Hjúkrunarskóla Íslands og fylgir frumvarpinu frá skólanefndinni svohljóðandi:

### Greinargerð.

#### Um 1. gr.

Skólanefndin telur nauðsynlegt, að skólinn sé rekinn sem heimavistarskóli. Er það í samræmi við þá reynslu, að langflestir umsækjanda óska eftir heimavist þegar í forskóla, þótt ekki sé gert ráð fyrir slíku.

Dvöl nemenda í heimavist ætti að auka félagslegan þroska og þjálfu þá í umgengni við aðra.

Heimavist veitir kennurum og öðrum leiðbeinendum betri tækifæri til að kynnast skapgerðareiginleikum nemenda, en það auðveldar þeim hins vegar að vinna úr nemendum, sem ekki þykja æskilegir til hjúkrunarstarfa, og hefur reynslan sýnt gagnsemi þess. Ljóst er mikilvægi þess að fá valið lið til hjúkrunarstarfa.

Þegar skólabyggingin var staðsett svo nálægt Landsspítalanum, var það gert með tilliti til þess, að nemendur H. S. Í., sem eru um 50% af hjúkrunarliði hans,

gætu búið sem allra næst þeirri stofnun, er veitir aðalhluta verklega námsins. Eins og allir vita, eru hjúkrunarstörf bundin vaktaskiptum, og þeim, sem búa í úthverfum eða lengra frá, getur verið ókleift að nota strætisvagnaferðir til að komast til vinnu nægilega snemma morguns eða frá störfum seint að kvöldi. Margir, sem búa úti í bæ, hafa ekki aðgang að síma, og er það bagalegt, ef kalla þarf hjúkrunarnema skyndilega til starfa, en nauðsynlegt getur verið að bæta við hjúkrunarliði og breyta starfstíma þess, þegar komið er með mjög veikt fólk fyrirvara-laust í sjúkrahús. Árekstrar af ofanefndum orsökum hafa eigi sjaldan orðið í þeim fáu tilfellum, þar sem nemendur hafa búið utan heimavistar.

#### Um 2. gr.

Meðan skólinn var aðeins ætlaður konum, fór vel á að kalla hann Hjúkrunar-kvennaskóla Íslands, en þar sem karlmenn stunda nú einnig nám í þessum skóla (síðan 1956), þykir sjálfsgagt að breyta nafninu í Hjúkrunarskóla Íslands, enda hefur það nafn verið notað í daglegu tali síðast liðin 4 ár.

Þá virðist það og eðlilegt, að málum skólans sé bezt skipað undir stjórn menntamálaráðherra, að þar sé betri aðstaða fyrir hendi til þess að búa svo að skólanum, að hann geti orðið við sívaxandi kröfum tímans sem menntastofnun, en ástæðan til þess, að hann hefur heyrt undir heilbrigðismálaráðuneytið, mun vera sú, að skólinn var fyrstu árin rekinn á vegum Landsspítalans og í húsakynnum hans og tilheyrði þá að sjálfsögðu sama ráðuneyti. Í þessu sambandi má benda á, að háskólinn, og þar með læknadeildin, er undir stjórn menntamálaráðherra.

#### Um 3. gr.

Breytingar frá núgildandi lögum eru hér óverulegar. Breytt er heiti Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, sem hér nefnist Hjúkrunarfélag Íslands. Þá virðist og eðlilegt, að Læknafélag Íslands tilnefni þann skólanefndarmann, er áður var valinn af sjúkrahúsum, sem vistuðu nemendur við verklegt nám. Þau eru nú orðin mörg, og gæti því verið erfitt fyrir þau að koma sér saman um hann.

#### Um 4. gr.

Í samræmi við það, að karlmenn útskrifast nú frá skólanum, fer vel á því að nota stöðutitilinn skólastjóri, sem hæfir jafnt konum sem körlum, enda hefur sá titill verið notaður árum saman, þó að skólastýra standi í núgildandi lögum.

Ákvæði í eldri lögum um kennara skólans eru úrelt vegna mikillar fjölgunar nemenda og breytinga á tilhögun kennslunnar.

Í eldri lögum var ekki kveðið á um annað starfsfólk við skólann en skólastýru og kennara, enda sá Landsspítalinn skólanum fyrir öðru starfsfólki, meðan skólinn var starfræktur í húsakynnum hans.

#### Um 5. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru í samræmi við ákvæði um ýmsa skóla héraendis.

#### Um 6. gr.

Þessi grein þarfnast engra skýringa. Er í samræmi við aðra skóla.

#### Um 7. gr.

Í eldri lögum er vísað til reglugerðar um inntökuskilyrði. Nú þykir tilhlýðilegt að hafa þetta ákvæði í lögum í samræmi við aðra skóla.

#### Um 8. gr.

Með þeirri breytingu að stytta heildarnámstímann er reynt að nokkru leyti að bæta úr þeim mikla skorti á hjúkrunarliði, sem nú er í landinu, því að ljóst er, að skemmri tími liður þá milli þess, er skólinn útskrifar nemendur. En jafnframt

yrði að koma í veg fyrir, að af styttingu námstímans leiddi lélegri námsárangur. Það mætti m. a. takast með því að skipuleggja kennslu á sjúkradeildunum, því að stytting námstímans bitnaði vitanlega á verklega náminu. Jafnframt þarf skólinn að hafa heimild til að lengja smám saman byrjunarnámskeiðið frá því sem nú er, því að nauðsynlegt er að auka bæði verklega og bóklega kennslu, þar eð stöðugt eru gerðar auknar kröfur til menntunar þeirra, sem starfa að hjúkrun.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 12. gr.

Í eldri lögum (6.—7. gr.) var veitt heimild til að halda uppi framhaldsnámi, bæði almennu og sérnámi, og þykir sjálfsagt að halda þeirri leið opinni, jafnvel þótt erfiðar aðstæður húsnæðis og kennslukrafta hafi hindrað skólann í að veita slíkt framhaldsnám fram að þessu.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Laun og hlunnindi fara eftir samningum, sem nefndir aðilar gera á hverjum tíma.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.